

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Halldóri Auðar Svanssyni um stefnu í áfengis- og vímuevörnum.

1. *Hvaða tímaramma hefur ráðuneytið sett sér um setningu nýrrar stefnu í áfengis- og vímuevörnum, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn á þingfundi 24. október 2023?*

Áætlað er að mótun heilbrænnar stefnu og aðgerðaáætlunar fyrir fíknisjúkdóma sem tekur til snemmtækra inngrípa, greiningarvinnu, meðferðar og endurhæfingar verði lokið á árinu 2024.

2. *Hvert er fyrirhugað verklag við setningu stefnunnar?*

Áætlað er að fylgja samræmdu verklagi Stjórnarráðs Íslands um stefnumótun.

3. *Hvaða áform eru um samráð við mótun stefnunnar?*

Mikil áhersla verður lögð á samráð í stefnumótunarferlinu. Starfshópi með fulltrúum helstu hagsmunaaðila, þar með talið fulltrúum notenda þjónustu, verður falið að móta drög að stefnu og aðgerðaáætlun í sem víðtækustu samráði þvert á kerfi. Þá verða drög að stefnu og aðgerðaáætlun sett í opið samráð í samráðsgátt stjórnvalda eins og stefnumótunarverklag segir til um.

4. *Hver verða markmið stefnunnar og hvaða stefnumótun, innlend sem alþjóðleg, verður höfð til hliðsjónar við mótun hennar?*

Markmið stefnunnar mótast í stefnumótunarferlinu. Í stefnumótunarferlinu verður tekið mið af samþykktri heilbrigðisstefnu til 2030 og samþykktri lýðheilsustefnu til 2030. Þá styður samþykkt stefna og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum við þessa vinnu þar sem fíknisjúkdómar eru undirflokkur geðheilbrigðismála. Einnig verður litið til aðgerðaáætlunar um innleiðingu geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi sem var samþykkt í ríkisstjórn árið 2020. Ná aðgerðirnar þvert á mennta- og barnamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og sveitarfélög. Litið verður til alþjóðlegra staðla, svo sem frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og stefna nágrannalanda í málaflokknum.